

3. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

Lög nr. 70, 27. júní 1921 skulu vera i gildi til ársloka 1925.

Athugasemd við frumvarp þetta.

Þar sem fjárhagstímabili með áætluðum 1,250,000 kr. tekjnhalla er ný lokið, er það auðvitað, að ríkissjóður má ekki við því, án_uppbótar, að missa tekjulið er nemur ca. 350—400,000 kr., en þá upphæð mun mega áætla af útflutningsgjaldinu, að frátöldu útflutningsgjaldi af sild, sem var lækkað mikið 1922.